

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 30.08. 2016.

Fundarstaður: Víghólastíg

Fundur settur kl. 20.00. Mættir eru : DS, GS, BB, HB og KSI

- Bekkjamál rædd. Staurar ætlaðir í bekki við göngustíga eru konir til Hilms. Þeir eru c.a. 2,2 m á lengd. Hann mun kom þeim í sögun í búðardal. Ætlunin er að láta útbúa 4 bekki.
- Rætt um verkefnið Brothættar byggðir og GS hefur verið í sambandi við Áslaugu sveitarstjóra Reykhólahrepps um það málefni.
- Tekið fyrir boð sem FFF fékk á fund um vinnu við undirbúning sameiginlegs svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 6. september nk. Ólíklegt að fulltrúar okkar komist þótt verkefnið sé mjög áhugavert.
- Umhverfisverðlaun rædd. Í sumar afhenti Gyða umhverfisverðlaunin fulltrúum Alheims. Við þeim tók Rúnar Guðjónsson Sigurbergsson ásamt börnum, Svölu og Gabríelu, og hundinum húna en þau voru ekki viðstödd á Vetrarhátíð FFF þegar verðlaunin voru tilkynnt.
- Rætt um Flateyjdaga. Í sumar var haldin hátíð á Flateyjdögum sem tókst mjög vel. Ýmsar upptökur um alla eyju vöktu mikla lukku og var þátttaka góð. Bingó, harmonikkuspil, andlitsmálun og leikir svo eitthvað sé nefnt. Tilraunin þessa helgi tókst vel, hótelfarismenn voru mjög ánægðir og íbúar og sumarhúsaeigendur einnig. Stefnt er að því að endurtaka hátíðina að ári.
- Vinnuhópur um fluttning stjórnsýslunnar á milli sveitarfélaganna var skipaður, Halldór Bachmann (Gunnlaugshúsi), AnnaSigrún Baldursdóttir (Byggðarenda) og Svanhvít Reith (Bergi). Fulltrúar FFF fóru á fund með þeim og ræddu verkið og hvað er búið að vinna í aðdragandanum. Enginn lokadagur var ákveðinn.
- Málefni smábátahafnar rædd. GS fór á fund fulltrúa Vegagerðarinnar, Sigurðar Áss Grétarssonar ásamt Guðrínu Mörtu Ársælsdóttur, Baldri Ragnarssyni, Heimi Sigurðssyni og Kristni Nikulássyni til að ræða stöðu á mögulegri smábátahöfn fjármögun ofl. Búið er að gera fleiri tillögur að möguleikum og teikna sumar þeirra upp og þær voru lagðar til umræðunnar. Vonir standa til að hægt verði að setja þetta á áætlun, en það er óvíst hvort það verði. Forgangsverkefni er að laga þá bryggju sem nú er og er orðin léleg. Parfagreiðing á stærð bryggjunnar er úrelt og þarf að vinna á ný.

Fundi slitið kl. 22:00